

LEIFUR.

2. nr.

Winnipeg, Manitoba, 29. agust 1884.

Nr. 17.

Vikublaðið „LEIFUR“ kemur út á hverjum föstudag og hefur fallalausan. Arðingurinn kostar \$2.00 í Ábrenni, en \$3.00 í Norðurlöndum. Skilum einu áttunda. Uppsögn á blaðinu gildir ekki nema með 1 mánaða fyrirvara.

Upplýsingar.

Blað vort „Leifur“ hefir margt meðferðis, og nú um stundir eitt af vorum mikilvægustu málum, sem er skólamálið, sem nú er nýkomið á dagskrána. En það er eitt, sem enginn hreifir við í blaðinu, það er prestamál vort. Ad minn álit er það oss mjög ástæðandi.

Hjer í landi eru nú 4 íslenskar nýlendur, og þrjár af þeim hafa engan prest, og ekki er sjáanlegt að þær vinni neitt í þá átt að útvega sjer prest. Hver er orsökinn til þess? Er hver nýlenda of farn og fátæk til að geta haft prest? eða eru allir Íslendingar í Ameríku orðnir trúarlausir, eða er sinn með hverri trú? Sjeum vjer sinn hverrar trúar, þá furðar mig eigi þótt vjer sameinuist ekki um að halda presta, sem kenna einungis einu lærðóm.

Má ske það sje hið gamla prestakúgunarek heiman af Íslandi, sem hindrar þörf vora og árvektu í andlegu tilliti hjer í landi. Sje það svo, þá ættum vjer að gleyma öllu slíku, því nú nær engin íslensk kúgun til vor lengur. Nú erum vjer komnir í frjálst land og lausir við allt gamallt nauðungarvald, sem vjer áður vorum undirokaðir út á Íslandi; hjer erum vjer frjálsir til allra framkvæmda, sem þjóðfélagi voru við vikja hjer fyrir vestan haf. En vjer verðum að geta þess, að brúka frjalsið oss til framfara og sömu, en ekki til skaða og skammar.

Ad minn álit getur ekki þjóðfélag vort þrífist hjer, án þess að vjer höfum kenningu af vorum eignum, þjóðflokki. Nú er þegar fjöldi ungmenna á meðal vor, á námsaldri, sem ekki nýtur hinna minnstu tilsnagnar, nema ef vera skyldi, að hinir og aðrir trúarvillingar kenndu ýmsar miður hollar trúarskóðanir eða þá guðleysi, sem námsfysi ungðómsins drekkur seginsamlega, þegar ekki er kostur á öðru betra, þetta er sorglegt, þegar maður hugsar um það, að illt sæði hlýtur að bera illan ávöxt og að tíðast er: „hvad ungur nemur gamall fremur“.

Jeg veit að margir segja „hvadan eigum vjer að taka peninga til að gjalda presti; vjer er um fámennir og efnalitir, og ekki nema fá ár síðan vjer komum til þessa lands, svo það er ekki von á, að oss flögi áfram á vegi framfaranna“. En slíkar og aðrar eins hugsanir hafa ekki aðrir en rommustu apturhaldsmenn.

Vaknið, þjer sem sofið! Látið til yðar heyrja þjer, sem ekki eruð áhugalausir. Látið yður varða andlega uppfærðingu hinna uppraxandi kynslóðar vorrar; synið nú í svipan, að þjer sjeuð ekki ættlerar óverðugir þess, að vera frjálsir menn, synið að þjer hafið eitthvad að gjöra með frelsi og sjálfstærði, synið að hið kirkjulega, og yfir höfuð, andlega frelsi Ameríku, sje meira en tómt bergmál, sem þjer heyrir lengd ar, en getið alls eigi orðið neitt hrifni af. Notið frelsið til að sameina kræpta yðar og læst undir amad aðra og fullkomnara líf. (A. A. I.).

FRJETTIR ÚTLENDAR.

Styrkur til að bera systuvegið aðalpostleidið m. Landshofðinginn hefir veitt 700 kr. til að halda áfram

og, ef auðið er, ljúka vð hraunveginn á aðalpostleidið eptir Norðurland og 800 kr. til að endurbæta veginn yfir Geldingadröga milli Svínadal og Skoradals í Borgartíðni.

Búnaðarskóli Múlasýslina á Eyðum. Landshofðinginn hefir samþykkt tillogu amtsráðsins í norður- og austuramtinu að systunefndir í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu fái utlogaðar tiltökur slær til búaðarskólaskjóði norður- og austuramtsins, og búaðarskólaskjóðið er Múlasýslunum greiddist eptir írleidis til systunefndanna þar, með því skilyrði, að amtsráðið verði, áður en útborgunin á sjer stað, búið að fí í hendur og ræða reglugjörð fyrir þessa skólafögnu og að því verði sendur til yfirlita reikningur stofnunarinnar skolaárið 1883-4 og kostnaðarreikningur vð að koma henni á fót. Með sömu skilyrðum hefir landshofðinginn veitt stofnuninni vextina af jarðeldastýktarsjóðnum fyrir síðastliðið ár, 884 kr., en síðar verður ákvörðun tekin um það, hvort svo skuldgjört framvegis, þegar skólafögnunin er komin á fastan fót og framvarp til reglugjörðar fyrir skólann lagt undir samþykki landshofðingjans.

Búnaðarskólafögnunin í Ólafsdal. Amtsráðið í vesturamtinu fól fersa sínum á fundinum í 6. m. að bera upp fyrir landshofðingjann, að búnaðarskólafögnunin í Ólafsdal verði gjörð að reglulegum búnaðarskóla fyrir vesturamtinu og að búnaðarskóli sá njóti alls búnaðarskólaskjóðsins úr vesturamtinu og hinna árlegu vaxta af þje búnaðarskólaskjóðsins.

Kladdamaurinn. Landshofðinginn hefir góðfúslega leyft oss að geta þess, að hann sendi stækkunarglers ljósmynd af kladdamaurnum nýrðra til ráðgjafans fyrir Ísland, en hann sendi aptur dyralækningaráðinn í Kaupmannahöfn til rannsóknar. Nú með „Thyra“ hefir ráðgjafinn sent landshofðingjannum alit dyralækisráðsins og telur það maurinn efnalaust vera reglulegan fjárkladdamaur.

(Eptir „Súdra“).

Allt bendir til þess, að áður langt liður, fari herlið Breta á stað frá Kairo til móts við spámanninn, og fer því að liða að lausnartíni ofurhugans Gordons. Hið síðasta er stjórinn hefir gjört, er, að kaupa 1000 róðrabáta, sem hermennirnir eiga að fara á upp yfir fossana, og er gjört ráð fyrir að aðalaseturstaður hersins verði í Wady Halfa. Þó einu sinni var ákvað að hyggja járnbraut frá Suakim vestur til Berber, þá er stjórinn nú hett vð það og er búið að flytja öll verkfærin þaðan til Bombay á Indlandi.

Á hverjum degi streyma egypzkir herflokkar frá Kairo og Alexandria; og er ferð þeirra hett til Wady Halfa og Dongola; til Wady Halfa hefir verið sent þóður fyrir 700 hesta og en er von á meira.

Hershofðinginn Earl, sem um tíma hefir verið í Londonum, hefir tengið boð um að halda suður til Egyptalands sem skyotast, og þykir monnum það fyrirboði stærri tíðinda, þar eð sumarleyfi hans var ekki liðið. Með hafa grun um, að hann muni verða sefur yfir herinn, sem verður sendur til að frelsa Gordon, en morgun þykir það þó ótrúlegt, þar maðurinn er litur reyndur sem herstjóri.

Í blaðinu Lloyd's Weekly, sem er hið öflugasta blað verkanamannaflokksins á Englandi, hefir nýlega verið prentað grein, sem hefir vakði almennings eptirtekt. Grein þessi gefur monnum til kynna, að Edward krouprinz

Breta, sje meðræltur Gladstone og hin frjálslega stjórnsýrirkomulagi hans, og að hann muni fyr fylgja þeim flokki, sem háðast sækir fram til frístjórna, heldur enn lívöðnum, sem vilja halda vð konungsvaldinu. Ekki er það svo að skilja, að hann álti lyðstjórna heppilegri, heldur óeppilegri, kostnaðarmeiri og ávikullu, en það stjórnsýrirkomulag, sem nu er á Englandi. Einnig hefir hann í ljósi lungum slua til að sjá óhindraða verzlun milli allra þjóða, því tollarnir álitur hann, að opt sjeu tilefnið í stríði og styrjöld. Eptir þessu að dæma, virðast skóðanir hans gagnstæðar því, er almennungur hefir búið vð, og synist engin ástæða fyrir mennu að gjöra hann að grylu fyrir sínum eignum eða annara hugskotssjónum.

— Það er útlit fyrir að Frakkar verði ekki of salir af því að halda benum Kelung til lengdar, það eru ekki einasta Engendingar, sem hafa rjett til verzlunar í banum sem öðrum stóðum eyjarinnar, heldur líka Bandaríkjamenn, og þó þeir fari hægt, muna þeir ófúsir að samþykkja þetta áthæfi Frakka. Í verzlunarsamningnum milli Kínverja og Bandaríkjamanna, er lagagildi fengu árið 1858, er eptirfylgjandi grein:

„Bandaríkjamennum er leyflegt að sigla inn á allar lafnir, utanborgar og innan, á eyjunni Formosa í fylkinu Fuh-kien, mega þeir búa þar og reka verzlun sem innlendir menn. Einnig skulu þeir frjálsir að flytja sig og verzlun slua af einni höfn á aðra, hvenær og hvad opt sem þeir vilja“.

Þessari grein muna Bandaríkjamenn vilja framfylgja og er því ekki ólíklegt þeim þyki hart að láta Frakka svipta sig þessum hlýnnindum, enda hefir Frökkum verið kunngjört, að bærin Kelung væri innan ákveðinna takmarka í samningunum, og að Bandaríkjamenn ætluðu sjer alls ekki að sleppi hendinni af verzluninni, meðan samningarnir eru í gildi.

Courbet admíráll heldur flota sínum úti fyrir ósum á ámi, sem Foo chow stendur við, og kveðst alþóum í hvad sem er, en gjörir þó ekkert. Nokkrum þykir senn hann sje að herma eptir þeim Tiberísi, Cesar eða Napoleoni mikla, með því hann hefir boðið yfirherforingja Kína fram á skip stu og haldið honum þar veizlu mikla, en þar á eptir sýnt lofum mikillik Frakklands hvad herbúnað áhrarir og um leið sagt honum, að, ef Móngolar yrðu svo djarfir að lypta hinum minnsta fingri sínum gegn Frökkum, skyldu þeir senda svo þjetta kúluríð yfir bæinn, að önnur eins eyðilegging þekktist ekki síðan Nóafloðið þakti jörðina. En ekki hefir þess verið getið að klüverski hershöfðinginn hafi aðrast, enda virðist þess engin þörf, því bærin verður að líkindum ekki eins auðunn og Frakkar halda. Hin fyrsti og stærsti þröskuldur í veginum er sá, að Foo chow er 30 mílur upp frá sjavarströndinni, og er áin ekki skipgeng lengra en 20 mílur upp frá ósum. Þegar flóð er, geta fallbyssubátar komið upp til bæjarins, með því að hafa góðan hafssögumann, ódrútsi ekki. Nú er næsta ólíklegt að fallbyssubátum Frakka yrði hleypst upp ána, því einmitt þar sem áin grýmst eru berggnabúrin fyrir sjólið Kínverja og áin þar umhverfis full af sprengibátum (Torpedoes), sem hægt mætti veita að stemma stigu fyrir nokkrum smáskipum, ekki sít þegar áin er svo mjög, að ekki kemst nema eitt skip í senn eptir henni. Það er því hægar sátt en gjört, að senda sprengikúlur inn í bæinn, og er ekki ólíklegt að Frakkar samfærast um það áður en lýkur.